

Sp.

6. Tillaga til þingsályktunar

um skipun nefndar til að undirbúa tryggingar lágmarkslauna fiskimanna.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Þóroddur Guðmundsson, Brynjólfur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um, hvornig tryggja megi fiskimönnum, sem ráðnir eru fyrir aflahlut, og smáútvegs-
mönnum öruggari afkomu og sambærileg launakjör við aðrar vinnandi stéttir í landinu.

Nefndin skal gera tillögur um:

1. Tryggingarstarfsemi, er kostuð sé með framlögum frá útgerðinni og ríkinu, til þess að tryggja hlutarfiskimönnum og smáútvegs-
mönnum lágmarkslaun, þar til tryggingarnar taka til starfa, og reglur um, hvornig greiðslum þessum skuli hagað. Þessu verki skal nefndin hafa lokið og ríkisstjórnin hafa lagt þær tillögur hennar, sem að því lúta, fyrir Alþingi eigi síðar en 1. maí 1944.
 2. Framlög úr ríkissjóði til að tryggja fiskimönnum lágmarkslaun, þar til tryggingarnar taka til starfa, og reglur um, hvornig greiðslum þessum skuli hagað. Þessu verki skal nefndin hafa lokið og ríkisstjórnin hafa lagt þær tillögur hennar, sem að því lúta, fyrir Alþingi eigi síðar en 1. maí 1944.
- Nefndin skal skipuð þrem mönnum. Tilnefnið Alþýðusamband Íslands einn nefndarmanna, Fiskifélag Íslands annan, en hinn þriðji skal skipaður án tilnefningar.

Greinargerð.

Tillaga, sem í aðalatriðum var samhljóða þessari, var flutt á síðasta Alþingi, en náði þá ekki afgreiðslu. Tillögunni fylgdi þá eftirfarandi greinargerð:

„Eins og nú er komið málum, munu hlutarráðnir fiskimenn og smáútvegs-
menn hinna stærri fiskibáta vera verst launaðir allra atvinnustétta landsins. Orsakir hinna lágu launa þessara aðila eru ýmsar, en þær, sem mestu skipta, eru hinn sívaxandi útgerðarkostnaður, en þó fastbundið fiskverð, óréttlátur fiskisölusamningur, sem gerir engan verðmun á hinum góða og dýrmæta smábátafiski og verðminni fiski stórútgerðarinnar, eins og ufsa, og auk þessa er svo það, að smáútgerðin býr við mjög ófullkomin framleiðslutæki. Ríkisvaldinu, sem hefur samið um hlutfallslega óhagstæðara fiskverð fyrir smáútveginn en stórútgerðina og fastbundið fiskverðið með samningi án þess þó að geta fyrirbyggt sívaxandi dýrtíð, ber skylda til að hlaupa undir bagga með fiskimönnum þeim, sem harðast verða úti í þessu sambandi. Alþingi hefur þegar gert ráðstafanir til þess að tryggja bændum samsvarandi kaup og öðrum vinnandi stéttum, og var það réttmætt og sjálfsagt.

En þörfin til hliðstæðrar aðstoðar við fiskimennina er engu minni.

Fyrir nokkrum vikum stóð yfir hér í Reykjavík sjómannaráðstefna á vegum Alþýðusambands Íslands. Á þessari ráðstefnu gerðu sjómennirnir samþykkt um að hefja nú baráttu fyrir lágmarkskauptryggingu til handa öllum hlutarráðnum fiskimönnum.

Krafa sjómannaráðstefnunnar var, að hverjum hlutarmanni væri tryggð laun, sem samsvara $\frac{3}{4}$ af launum verkamanna. Hér er um mjög eðlilega og réttláta kröfu að ræða. Fiskimennirnir, þeir sem fyrst og fremst skapa þjóðarauðinn, hljóta að krefjast einhverra lágmarkslauna. Þeir geta ekki unað við þau smánarkjör, sem ýmsir þeirra hafa þurft að búa við hin síðustu ár, og það við mikla og erfiða vinnu.

Það er ekki krafa fiskimanna, að þeim verði framvegis greiddar launabætur úr ríkissjóði, heldur er hitt þeirra aðalkrafa, að Alþingi hlutist til um, að upp verði komið tryggingarstarfsemi, sem verði bakhjallur þess, að þeir geti örugglega fengið sína lágmarkskauptryggingu hverju sinni. Það er öllum ljóst, að mjög verulegur hluti útgerðarinnar getur staðið undir réttmætri lágmarkstryggingu á kaupum hlutarmanna sinna, en það er líka öllum jafnljóst, að nokkur hluti útgerðarinnar, þ. e. smáútgerðin, getur í ýmsum tilfellum, eins og nú er högum háttað, ekki risið undir lágmarkstrygg-

ingunni. Það er af þessum ástæðum, sem það er óhjákvæmilegt að koma upp sameiginlegri tryggingu, sem kæmi til hjálpar, eftir ákveðnum reglum, þar sem nauðsynlegt reyndist að greiða laun umfram hlutinn til uppfyllingar á lágmarkstryggingunni.

Fyrri liður þessarar till. er um það, að ákveðin nefnd skuli gera tillögur til þingsins um, hvernig þessum málum verði sem bezt fyrir komið.

Síðari liður till. er aftur á móti um, að nefndin geri tillögur um reglur, sem fiskimenn skulu styrktir samkvæmt úr ríkissjóði, þar til tryggingarstarfsemi sú, sem fyrri liður till. gerir ráð fyrir, kemur til framkvæmda.“